

1. BEKKJARFÉLAGARNIR

(Mismunandi svör.)

2. STAFRÓFSRÖÐ

Bókaskápur Egils

Raðaðu bókum Egils eftir leiðbeiningunum hér að framan (höfundur fyrst og síðan bókartitillinn).

Tillaga að svörum:

Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson: *Ormagull*

Andrés Indriðason: *Pollí er ekkert blávatn*

Andri Snær Magnason: *Sagan af bláa hnettinum*

Ármann Kr. Einarsson: *Óskasteinninn hans Óla*

Einar Kárason: *Didða dojojong og Dúi dúfnaskítur*

Elías Snæland Jónsson: *Víkingagull*

Friðrik Erlingsson: *Benjamín dúfa*

Gerður Kristný: *Marta smarta*

Guðbergur Bergsson: *Tóta og táin hans pabba*

Guðrún Helgadóttir: *Öðruvísi dagar*

Iðunn Steinsdóttir: *Ormurinn í Lagarfljóti*

Kristín Helga Gunnarsdóttir: *Fíasól í fínum málum*

Kristín Helga Gunnarsdóttir: *Gallsteinar afa Gissa*

Ólafur Haukur Símonarson: *Hattur og Fattur*

Rowling, J. K.: *Harry Potter og leyniklefinn*

Rowling, J. K.: *Harry Potter og viskusteinninn*

Sigrún Eldjárn: *Langafi prakkari*

Vilborg Dagbjartsdóttir: *Alli Nalli og tunglið*

Pórarinn Eldjárn: *Halastjarna*

Pórarinn Eldjárn: *Heimskringla*

3. NAFNORÐ

Strikaðu undir nafnorðin í kaflanum.

Á miðöldum má heita að þjóðfélagið hafi skipst í þrjá hluta. Efst trónaði yfirstéttin, aðallinn, sem kallaði sig landvarnarlið og réttlætti tilveru sína og skattleysi með því að þeir væru nauðsynlegir til að halda frið í landinu. Önnur stéttin var klerkastéttin, sem sá um trúarlega og andlega næringu lýðsins og því að sjálfsögðu skattfrjáls enda hlutverk hennar veigamikilið, á þeim tíma þegar sáluhjálpin var aðalatriði lífsins og enginn vildi kveðja þennan táradal án þess að fá aflausn synda sinna. Þriðja stéttin og sú neðsta var svokallaður almeningur, bændur og handverksmenn, sem sá hinum stéttunum tveimur fyrir lifibrauði með vinnu sinni. Var líf þriðju stéttarinnar iðulega hið ömurlegasta; menn af þeirri stétt voru vart metnir meir en kvikfénaður og háðir duttlungum lénsheerra sinna og þurftu að þola yfirgang hermanna og skattþíningu. Oft gerðu bændur uppreisn en þær voru iðulega brotnar á bak aftur af mikilli hörku og grimmd.

1. Settu kassa utan um tvö nafnorð með greini (no. m. gr.).

t.d. landinu, stéttarinnar

2. Rifjaðu upp kenniföll nafnorða. Hver eru kenniföll orðanna vetur og beiðni?

Kenniföllin samanstanda af nefnifalli eintölu (nf.et.) og eignarfalli eintölu (ef.et.) og nefnifalli fleirtölu (nf.ft.)

vetur (nf.et.) vetrar (ef.et.) vetur (nf.ft.)

beiðni (nf.et.) beiðni (ef.et.) beiðnir (nf.ft.)

3. Útskýrðu með eigin orðum orðið „synd“.

Brot á réttri hegðun, yfirsjón

4. Í hvaða runu eru öll orðin í eintölu?

a) þjóðfélag, sáluhjálp, almenningur, uppreisn (X)

b) yfirstétt, lýður, syndir, táradalur ()

c) kvikfénaður, tilvera, hlutir, aðall ()

5. Skrifðu textabrotið hér fyrir neðan í nútíð.

Efst trónar (eða: trónir) yfirstéttin, aðallinn, sem kallar sig landvarnarlið og réttlætir tilveru sína og skattleysi með því að þeir séu nauðsynlegir til að halda frið í landinu.

4. ORÐALEIKUR

Finndu orðin og orðið.

á r i t a
g e r v i
ú l f u r
s e f a r
t e k u r

Finndu orðin.

wxwmxywx = **gagnauga**
xwmxcpwm = **agnarögn**
wxwmxrxbm = **gagnasafn**
sxmwxqpmw = **langatöng**
pmwyss = **öngull**

Strikaðu undir öll nafnorðin í setningunum fyrir neðan.

Kennarinn: Af hverju köllum við **tunguna** okkar **móðurmál**?

Nemandinn: Af því að **mamma** hefur alltaf **orðið**.

5. STAFSETNING

Veldu réttan staf úr svigunum til að skrifa í eyðurnar.

Árið 1958 gerðu Egp^{pt}tar og Sýrlendingar bandalag og stofnuðu Sam-Arabíska Lýðveldið sem laut stjórn Nassers. Jemen bættist einnig í hópinn. Lítið var á þetta sem fyrsta skrefið að sameiningu allra arab^a, en það fór á annan veg og eftir valdarán herforingja í Sýrlandi um mitt ár 1961 sögðu Sýrlendingar sig úr bandalagi við Egypta. Jemenar gerðu slíkt hið sama stuttu seinna. Í tíð sinni hjálpaði Nasser öðrum arabaríkjum á ýmsan hátt, en var andvígur konungsstjórn^{um} í Miðausturlöndum. Hann sendi til dæmis hermenn til stuðnings byltingarsveitum í borgarastyrjöldinni í Jemen frá 1962 til 1967, en þær börðust gegn konungssinum sem studdir voru af Saudi-Aröbum.

6. NAFNORÐ

Upprifjun

Greindu kyn, tölu og fall undirstrikuðu orðanna og skráðu í töfluna fyrir neðan. Settu hring utan um nafnorð með greini.

Öll dýrin á sveitabænum voru sofandi og eina hljóðið sem heyrðist var í laufblöðum sem hrísluðust í sumargolunni. Tindi sýndist hann sjá eitthvað á hreyfingu í glugganum á hlöðunni hinum megin við hlaðið. Tindur klæddi sig snarlega í inniskóna og sloppinn. Síðan læddist hann niður á tánum.

ORÐ	KYN	TALA	FALL
dýrin	hk	ft	nf
sveitabænum	kk	et	þgf
hljóðið	hk	et	nf
laufblöðum	hk	ft	þgf
sumargolunni	kvk	et	þgf
Tindi	kk	et	þgf
hreyfingu	kvk	et	þgf
glugganum	kk	et	þgf
hlöðunni	kvk	et	þgf
hlaðið	hk	et	þf
inniskóna	kk	ft	þf
sloppinn	kk	et	þf
tánum	kvk	ft	þgf

Hvers vegna er skrifað:

a) á næturnar en ekki á næturna?

b) á veturna en ekki á veturnar?

c) um fingurna en ekki um fingurnar?

d) um bændurna en ekki um bændurnar?

(Vísbending: Kannaðu kyn orðsins og beygingu greinisins!)

a) Nótt er kvenkynsorð og hér er orðið með greini. Greinirinn í kvk.ft.þf. er (um) hinar (fallegu nætur).

b, c, d) Vetur, fingur og bændur eru karlkynsorð og greinirinn í kk.ft.þf. er (um) hina (köldu vetur).

Hvers vegna er ekki r í orðinu mánaðamót?

(Vísbending: Hvernig er eignarfall fleirtölu af mánuður? Tveir mánuðir mætast!)

Hér mætast tveir mánuðir og því er orðið mánuður í fleirtölu. Þetta eru mót tveggja mánaða (eignarfallið í fleirtölu er (til) mánaða.

Segðu orðið sigldi upphátt. Hvers vegna er það skrifað með gl en ekki lg?
(Vísbending: hvernig er orðið í nafnhætti?)

Í nafnhætti er orðið að **sigla** og þar heyrir vel að g-ið er á undan l-inu.

7. ÚR LANDNÁMU

Svaraðu spurningunum.

1. Hvaðan er nafnið Thule komið?

Í **annál** þeim er heilagur Beda prestur gerði.

2. Hvar segir Beda prestur að eylandið Thule liggi?

Í **sex dægra** sigling norður frá Bretlandi.

3. Hvað segir Beda um þetta land?

Að ekki kæmi dagur á veturna og ekki nótt á sumrin þegar dagur væri lengstur.

4. Hvenær dó Beda? Hvenær má þá búast við að fyrstu Norðmennirnir hafi komið hingað ef við höfum í huga að í fornum ritum merkir hundrað það sama og 120 (stórt hundrað)?

Samkvæmt þessu dó Beda árið 735 og norrænir menn komu hingað eitthvað um 860 – (874).

5. Hverjir voru hér þegar norrænir menn hófu að byggja landið?

Papar sem voru írskir munkar.

6. Hvað er sagt í enskum bókum?

Að eitthvað hafi verið um siglingar á milli Írlands og Íslands.

Aukaverkefni:

Aflaðu þér upplýsinga um landnámsmenn sem tengjast byggðarlagi þínu. Fáðu aðstoð á skólasafni eða hjá kennara og foreldrum.

Úr hvaða orðum er orðið Landnáma myndað?

Nafnorðinu „land“ og nafnorðinu „nám“ (sem leitt er af sögninni „að nema“). Í rauninni heitir ritið Landnámabók, þ.e. bók landnáma (orðmyndin landnáma er því hér í rauninni í ef.ft.)

8. STUNDASKRÁIN

Fylltu út í töfluna eftir leiðbeiningum Pálínu.

	mánud.	þriðjud.	miðvikud.	fimmtud.	föstud.
8:15 - 8:55	stærðfr.	stærðfr.	samf.fr.	stærðfr.	stærðfr.
8:55 - 9:35	lestur	náttúrufr.	enska	skrift	enska
9:50 - 10:30	samf.fr.	náttúrufr.	stærðfr.	stafsetn.	samf.fr.
10:30 - 11:10	samf.fr.	samf.fr.	lestur	lestur	málfræði
Hádegishlé	x	x	x	x	x
11:40 - 12:20		málfræði	náttúrufr.	leikfimi	náttúrufr.
12:25 - 13:05			myndm.	leikfimi	
13:05 - 13:45			myndm.		

Leystu verkefnin hér fyrir neðan með hjálp stundatöflunnar.

1. Hvaða dag eru þau Jói og Pálína styst í skólanum?

Á mánudögum.

2. Hver er lengsti skóladagurinn þeirra?

Miðvikudagar.

3. Hvaða námsgreinar mætti flokka undir íslensku af þeim námsgreinum sem taldar eru upp í töflunni?

Lestur, málfræði, stafsetningu, skrift

4. Hvað eru margir enskutímar á stundaskránni?

Tveir.

5. Hvað eru þau Jói og Pálína margar kennslustundir í skólanum á viku samkvæmt þessu?

27 stundir.

6. Vantar einhverja námsgrein inn á stundaskrána miðað við það sem þú ert að læra? Ef svo er, þá hverja? Hvað finnst þér vera mikilvægasta námsgreinin? Af hverju?

(Mismunandi svör.)

Beygðu orðið leikfimi í öllum föllum eintölu. Hvers vegna er s í leikfimistími?

nf. leikfimi þf. leikfimi þgf. leikfimi ef. leikfimi

S-ið í orðinu leikfimistími er svokallaður bandstafur (ekki eiginlegt eignarfalls-s).


9. KROSSGÁTA

Lárétt

3. bók
4. bókasafn
6. blindhæð
9. glæpamaður
10. tukthús
11. bleikur
12. blikka.
13. greiða
14. bless
15. flauta

Lóðrétt

1. bleikja
2. bóndi
3. botn
4. borð
5. naut
6. blotna
7. hugleiða
8. boðhlaup
12. blek
14. blóð



10. SAMSETT ORÐ

Búðu til a.m.k. 10 samsett orð úr orðunum hér fyrir neðan.

Tillaga:

hafragrautur	smíðisgripur	fræðigrein
leikfimiskennari	gullkista	Hvalfjörður
trjágrein	kennslustund	þjóðfélag
heilsufræði	smáþjóð	Kyrrahaf

11. STAFSETNING

Skriðu æfinguna upp og settu stóran staf þar sem hann á að vera.

Svartidauði var pest sem herjaði á **I**slendinga við upphaf fimmtánda aldar, en talið er að þá hafi dáið um tveir þriðju allra landsmanna. **A** hún að hafa borist hingað með **H**vala-**E**inari **H**erjólfsyni, en í árbókum **E**spólíns segir að „sú bráðasótt hafi verið svo mikil, að menn lágu dauðir innan þriggja náttu.“ **E**rna hlakkar mikið til jólnanna, því þá ætlar hún að heimsækja afa og ömmu á **V**estfjörðum. **H**enni finnst afi tala svolítið einkennilega stundum, en hann segir að það sé vegna þess að hún sé ekki vön vestfirskunni. **S**umir **V**estfirðingar tala svokallaða vestfirsku alveg eins og sumir **N**orðlendingar tala norðlensku.

Aukaverkefni:

Sumir segja „mér hlakkar“, aðrir „mig hlakkar“ og enn aðrir „ég hlakka“. Síðastnefnda atriðið telst vera viðurkennt mál.

Búðu til fimm setningar (málgreinar) þar sem eftirtaldar persónur hlakka til einhvers atburðar: Haukur, þú, Baldur, Anna, þið.

Tillaga:

Haukur hlakkar til sumarsins. Þú hlakkar til jólanna. Baldur hlakkar til vetrarins. Anna hlakkar til páskana. Þið hlakkið til hvítasunnunnar.

Fylltu í eyðurnar á sama hátt og bóúið er að gera með fyrsta orðið þar sem það er hægt og eðlilegt.

Reykjavík	Reykvíkingur	reykvískur
Akureyri	Akureyringur	akureyskur
Bolungarvík	Bolvíkingur	bolvískur
Skagafjörður	Skagfirðingur	skagfirskur
Húnavatnssýsla	Húnvetningur	húnvetnskur
Keflavík	Keflvíkingur	keflvískur
Ísafjörður	Ísfirðingur	ísfirskur
Vopnafjörður	Vopnfirðingur	vopnfirskur

12. LÝSINGARORÐ

Strikaðu undir lýsingarorðin í textanum og skrifaðu þau í línurnar fyrir neðan.

Winnipeg stóð og stiknaði í sólinni. **Gulhvítir, gráhvítir, skítgráir, svartir** og **svartröndóttir** kofarnir fyrir sunnan innflytjenda-húsið – að líkindum það **andstyggilegasta** kofasafn, sem til er í Kanada – stóðu **galopnir** í báða enda, gapandi eftir gusti, sem ekki var **fáanlegur**, ekki var til í bænum..... Á einum stað var hnappur af strákum, **berhöfðuðum**, **berfættum**, **svörtum** um fæturna, **mórauðum** í framan af ryki og sólbruna, sumir með svo mikið af lúkunni upp í sér, sem þeir gátu komið fyrir innan varanna, aðrir með handleggina hangandi **máttlausa** niður með hliðunum; en allir einblíndu þeir í áttina til innflytjenda-hússins. Á öðrum stað karlmaður **hálfber** að ofan, með **langskefta** viðaröxi í höndunum og **tamerack**-kubb fyrir framan sig, rennandi af svita, hættir að höggva og horfir í sömu áttina.

Aukaverkefni:

Settu kassa utan um lýsingarorð í efsta stigi.

Ath. Þú þarft ekki að merkja við orðin sem enda á -andi. Þetta er svokallaður lýsingarháttur nútíðar og er á mörkum þess að vera lýsingarorð og sagnorð.

Stigbreyttu lýsingarorðin (ef það er mögulegt).

grár	grárri	gráastur
opinn	opnari	opnastur
laus	lausari	lausastur
hálfber	gengur ekki	gengur ekki
fögur	fegurri	fegurst

Bættu lýsingarorðum inn í eyðurnar.

Tillaga:

Kóngur einn hafði í þjónustu sinni **fróðan** sögusvein, sem hafði það **erfiða** hlutverk að segja honum fimm **skemmtilegar** sögur á hverju kvöldi til að hjálpa honum að sofa. Eina **dimma** nótt þegar kóngur hafði átt **efiðan** dag og var mjög **órólegur** kallaði hann á sveininn og vildi fá að heyra fleiri sögur. Sveinninn sem var bæði **syfjaður** og **breyttur** færðist í fyrstu undan, en varð á endanum að gera eins og kóngur óskaði enda var kóngurinn mjög **ákveðinn** og **eigingjarn**.

13. FRÉTTASKOTIÐ

Kúnum gefinn hvítlaukur

Svaraðu spurningunum.

1. Hvað gerir hvítlaukur fyrir kýr og önnur jórturdýr?

Dregur úr metanframleiðslu.

2. Hverjir stóðu að rannsókninni?

Breska líftæknifyrirtækið Neem Biotech.

3. Hvað orsakar þessa miklu metanframleiðslu í jórturdýrum?

Bakteríuflóra í vömb jórturdýra.

4. Að hvaða leyti getur þessi vitneskja hjálpað bændum?

Þeir munu geta aukið mjólkurframleiðsluna.

5. Hvaða fleiri jákvæðar verkanir getur hvítlaukur haft?
Hvítlaukurinn styrkir varnir dýranna gegn berklum og eykur vöxt þeirra.

6. Hvernig heldur þú að fyrirtækið ætli að hagnast á þessu?
Það ætlar að selja hugmyndina til bænda.

7. Beygðu saman í öllum föllum eintölu orðin: *venjuleg evrópsk kýr*.
venjuleg evrópsk kýr / venjulega evrópska kú / venjulegri evrópskri kú / venjulegrar evrópskrar kýr

Aukaverkefni:

Beygðu nú saman í öllum föllum et. og ft. orðin virkt efni, virka efnið, ör vöxtur og öri vöxturinn.

virkt efni	virka efnið	ör vöxtur	öri vöxturinn
virkt efni	virka efnið	öran vöxt	öra vöxtinn
virku efni	virka efninu	örum vexti	öra vextinum
virks efnis	virka efnisins	örs vaxtar	öra vaxtarins
virkt efni	virku efnin	örir vextir	öru vextirnir
virkt efni	virku efnin	öra vexti	öru vextina
virku efninum	virku efnunum	örum vexti	öru vöxtunum
virkra efna	virku efnanna	örra vaxta	öru vaxtanna

Samheiti – Finndu önnur orð yfir eftirfarandi orð.

siðir =	venjur	trylltur =	óður
tæplega =	naumast	lamdi =	sló
kvalir =	sársauki	bakhluti =	rass (sitjandi)
skelkaður =	hræddur	iðinn =	duglegur

Hver er munurinn á merkingu orðanna hvalir og kvalir og hver og kver? Er einhver munur í framburði? Er gerður greinarmunur á framburði hv- og kv- einhvers staðar á landinu?

Hvalir eru skepnur í hafinu, en **kvalir** eru þjáningar eða sársauki. **Hver** er fornafn sem vísar til einhvers einstaklings, en **kver** er lítil bók.

Á Suðurlandi er hv víða borið fram með h-hljóði en annars staðar á landinu er það borið fram með k-hljóði.

Útskýrðu merkingu eftirfarandi orða og orðtaka. (Sjálfsagt er að styðjast við orðabókina.)

þeim bar saman um = **þeir voru sammála um.**

snævi þakið = **þakið (hulið) snjó.**

fenna = **snjóa**.

hláka = **svo hlýtt veður að snjór bráðnar; þíðviðri**.

handarkriki = **hornið milli útlims (handar) og bols**.

þiðna = **bráðna vegan aukins hita**.

14. TÍMALÍNA

Raðaðu atburðunum sem Haraldur kennari skrifaði á töfluna í rétta tímaröð. Búið er að setja fyrsta atburðinn inn.

Ingólfur Arnarson nemur land á Íslandi (874)

Alþingi Íslendinga stofnað (930)

Kristni lögtekin (1000)

Snorri Sturluson veginn (1241)

Gamli sáttmáli (1262)

Svarti dauði berst til landsins (1402)

Jón Arason Hólabiskup tekinn af lífi (1550)

Einokunarverslun hefst (1602)

Hallgrímur Pétursson sálmaskáld fæðist (1614)

Íslensk handrit brenna í Kaupmannahöfn (1728)

Skúli Magnússon verður landfógeti fyrstur íslenskra manna (1749)

Jón Sigurðsson fæðist (1811)

Íslendingar fá stjórnarskrá frá Dönnum (1874)

Ísland fær fullveldi frá Dönnum (1918)

Ísland fær sjálfstæði frá Dönnum (1944)

Hvaða ár er nú? Hvað er langt síðan Íslendingar fengu fullt sjálfstæði?

2010 – 66 ár.

Hvaða atburður þykir þér merkilegastur af þeim sem taldir eru upp?

Rökstyddu svarið!

(Mismunandi svör.)

Útskýrðu eftirfarandi orð eins og þú skilur þau.

einokun: **það ástand þegar einhver einn hefur vald til að stunda eða gera eitthvað.**

sáttmáli: **samningur.**

sálmur: **trúarljóð.**


sjálfstæði: **það að vera óháður öðrum.**

15. KROSSGÁTA

Lóðétt

Lárétt

- | | |
|-------------|------------------|
| 1. brandari | 1. bréf |
| 2. systur | 2. smakka |
| 3. bros | 7. broddgöltur |
| 4. dúfur | 8. brauð |
| 5. mölva | 10. brimsaltur |
| 6. brot | 14. miðvikudagur |
| 7. bráðum | 15. bóla |
| 9. þak | |
| 10. breyta | |
| 11. bræður | |
| 12. ósk | |
| 13. apríl | |



16. STAFSETNING

Veldu rétta stafi úr svigunum til að skrifa í eyðurnar.

Gyrðir var örþreyttur eftir langan og strangan vinnudag við uppskipun á fiski úr ísfirsku togaranum Guðsteini, en samt fannst honum það freistandi tilhugsun að fara á Laugardalsvöllinn og sjá Íslendinga leika við þjóðverja. Var leikurinn sá næstsíðasti í keppninni um sæti á Evrópumótinu og þeir þýsku urðu að sigra til að tryggja sér réttinn til að leika þar. Fram að þessu hafði Íslenska landsliðið komið á óvart með frammiðstöðu sinni og átti enn möguleika á að komast áfram, en tíminn yrði að leiða í ljós hvort það tækist. Eini nýi leikmaðurinn í Íslenska hópnum leikur með liði í norsku deildinni og hefur sýnt góð tilþrif þar undanfarið.

17. RITUN

Dæmi: Orion á leið til Mars

Það var klukkan 20:00 að staðartíma að geimfarinu Orion var skotið upp frá Canaveralhöfðu í blíðskaparveðri. Tókst skotið eins og til var ætlast,

en verkefni þessa leiðangurs er að lenda á plánetunni Mars og safna jarðvegssýnum með það fyrir augum að kanna hvort hugsanlega megi finna þar vatn.

Um borð í ferjunni er þrír geimfarar, tveir karlmenn og ein kona. Ef allt gengur að óskum er áætlað að farið lendi á Mars 21. mars klukkan 14:00 og dvelji þar í tvo sólarhringa. Áætlaður komutími til jarðar er 24. mars kl. 21:00. Verður spennandi að fylgjast með niðurstöðunum úr þessum metnaðarfulla leiðangri.

18. ÚR LANDNÁMU

Svaraðu spurningunum.

1. Hver réð yfir Noregi þegar Ísland fannst?

Haraldur hárfagri.

2. Hve löng sigling er frá Noregi til Íslands?

Sjö dægra (þrír og hálfur sólarhringur því að yfirleitt merkir dægur hálfur sólarhringur).

3. Hvert var Naddoddur að fara þegar hann rakst á Ísland?

Til Færeyja.

4. Hvar komu þeir Naddoddur að landi?

Á Austfjörðum.

5. Hvað kallaði Naddoddur landið?

Snæland.

6. Hvaðan var Garðar Svavarsson ættaður?

Frá Svíþjóð.

7. Hvers vegna fór hann að leita Snælands?

Móðir hans, sem var framsýn, vísaði honum þangað.

8. Hvar hafði Garðar vetursetu?

Við Húsavík.

9. Hverjir úr liði Garðars urðu eftir á landinu er hann hélt á brott?

Maður að nafni Náttfari, auk þræls og ambáttar.

19. SAGNORÐ

Strikaðu undir sagnirnar í textanum hér fyrir neðan.

Í fornöld **var** vagga siðmenningar í Grikklandi og þaðan **á** lýðræði rætur sínar að **rekja**. Um árið 500 f.Kr. **réðust** Persar inn í Grikkland en Grikkir **höfðu** sigur. Þá **hófst** gullöld Grikkja, mikill blómatími byggingar- og höggmyndalistar, heimspeki, vísinda og bókmennta. Hið erfiða Marañon-hlaup (42 km) **á** rætur að **rekja** til stríðs Grikkja og Persa. Eftir að Grikkir **sigruðu** Persana í borginni Marañon **var** boðberi **látinn hlaupa** með tíðindin til Aþenu. Hann **náði** að **koma** skilaboðunum um sigurinn áleiðis rétt áður en að hann **hné** niður örendur. Þetta 42 km hlaup **er** nú keppnisgrein á Ólympíuleikum.

Forn-Grikkir **stunduðu** íþróttir af kappi, einkum á árunum frá áttundu öld fyrir Krist og fram á fjórðu öld eftir Krist. Á þessum árum **voru haldnir** miklir leikar í borginni Ólympíu en nú á dögum **eru haldnir** Ólympíuleikar fjórða hvert ár þar sem bestu íþróttamenn heims **etja** kappi.

Búðu til sagnorð sem eru skyld nafnorðunum.

rætur	að róta	burður	að bera
sigur	að sigra	bygging	að byggja
ástundun	að ástunda	vagga	að vagga
at	að etja	hlaup	að hlaupa

Bættu sögnum inn í eyðurnar að eigin vali en þó þannig að textinn verði merkingarbær.

Tillaga.

Úti á landsbyggðinni **var** gamalt höfuðból og á því **bjó** gamall herramaður sem **átti** tvo syni. Þeir **þóttu** svo gáfaðir að það var nú sitt hvað. Þeir **ætluðu** sér að **eignast** dóttur kóngsins, því hún hafði látið **fréttast** að hann myndi hún **taka** sér að eiginmanni sem henni **þætti** best koma fyrir sig orði.

20. SAGNORÐ OG PERSÓNUR

Beygðu sögnina að fara eftir persónum í þátíð.

ég	fór	við	fórum
þú	fórst	þið	fóruð
hann	fór	þeir	fóru
hún	fór	þær	fóru
það	fór	þau	fóru

Aukaverkefni:

Búðu til tíu nafnorð með far. (Dæmi: fargjald, flugfar.) Hér koma orðabækur að góðum notum, ekki síst Orðastaður og Stóra orðabókin eftir Jón Hilmar Jónsson. Þar er ekki bara sýndur fyrri hluti samsettra orða heldur líka seinni hluti orðanna.

Dæmi: farflugl, farmiði, farþegi, loftfar, geimfar, farangur, farmaður, fardagar, bílfar, farvegur

21. SAGNORÐ

Nútið/Þátíð

Skriðu textabrotið upp í nútið.

Ég **finn** þar aðeins tvær tinnusteinvílur og **sendi** ég aðra af öllu afli í opinn kjaftinn og ofan í björninn. Hann **finnur** illilega til og **stendur** grafkyrr um stund, og **fæ** ég við það tíma til að senda honum hinn tinnumolann og hann **gerir** ekki lítið að verkum; hann **flýgur** sömu leið og hinn, og **skellur** á honum niðri í maganum á birninum og **kveikir** þar eld, svo að björninn **springur** í sundur með ógurlegum hvelli.

Aukaverkefni:

Hve miklu þurftir þú að breyta til að geta sett textann í nútið?

Einungis sögnunum.

22. SKAPANDI SKRIF

(Mismunandi svör.)

23. SKAMMSTAFANIR

o.s.frv.	og svo framvegis
a.m.k.	að minnsta kosti
n.k.	nokkurs konar; (nk.=næstkomandi: enginn punktur á eftir n-inu því að hér er um aðeins eitt orð að ræða)
s.s.	svo sem
t.a.m.	til að mynda
t.d.	til dæmis

24. SAMA ORÐ Í ÓLÍKUM ORÐFLOKKUM

Dæmi: Gleðin er öllum mönnum mikilvæg.
Hann varð mjög glaður við fréttirnar.
Það er gott að gleðjast í góðra vina hópi.

25. ÚR LANDNÁMU

1. Hvar fórst dóttir Flóka?

Á Hjaltlandi.

2. Hvað hafði Flóki með sér til að hjálpa sér að finna land?

Þrjá hrafna.

3. Nefndu fjögur örnefni sem urðu til á Íslandi í ferð Flóka samkvæmt frásögninni.

Faxaflói, Ísland, Herjólfshöfn (Geirhildarvatn).

4. Hvað er sérstakt við álit Faxe á Faxaflóa?

Hann taldi flóann vera ós einhvers vatnsfalls (fljóts) sem þá væri mjög stórt.

5. Hvernig talaði Flóki um landið?

Hann lét illa yfir því, en nefndi þó bæði kosti og galla.

6. Af hverju fékk Þórólfur viðurnefnið smjör?

Af því að hann sagði að smjör læki af hverju strái þar.

7. Finndu öll örnefnin á landakorti.

Aukaspurning: Hvers vegna skellihlógu skipverjar?

Af því að Faxi hélt að flóinn væri árósi.

26. STAFSETNING

Veldu rétta stafi úr svigunum og settu í eyðurnar.

Ekki leið á löngu þar til bera fór á óánægju með Taylor og stjórn hans í Líberíu. Gripu uppreisnarmenn til vopna og kröfðust þess að forsetinn færi frá völdum. Uppreisnarmönnum varð fremur lítt áge^{ngt} í fyrstu, en á þessu ári, þ.e. 2003, tókst þeim að ná þremur fjórðu hlutum landsins á sitt vald. Annarrí fylkingu þeirra, þeirri stærri, tókst að komast inn í höfuðborgina Monróvíu og hinni að leggja undir sig hafnarborgina Buchanan. Harðir bardagar í Monróvíu og þjáníngar óbreyttra borgara urðu til þess að alþjóðasamfélagið ákvað að taka í tauma^{na}. Með stuðningi Sameinuðu þjóðanna ákváðu samtök Vestur-Afríkurríkja að senda friðargæslulið til Líberíu. Þá sendu Bandaríkjamenn herskip að ströndum landsins og yfir tvö þúsund manna lið, en hlutverk þeirra verður takmarkað.

27. FRÉTTASKOT

Grindavík á Mars

1. Hverjir gáfu gígnum á Mars nafnið Grindavík?

Vísindasamtökin ASGS.

2. Hvar má finna fleiri íslensk örnefni úti í geimnum?

Á Merkúríusi og Mars

3. Hvað er einkennandi fyrir nafnavenjurnar gíganna á Merkúríusi?

Þeir eru nefndir eftir listamönnum sem hafa skarað fram og notið alþjóðlegrar viðurkenningar í meira en 50 ár.

4. Hvar er Merkúríus staðsett með hliðsjón af hinum reikistjörnunum?

Merkúríus er innsta reikstjarnan, næst sólu.

5. Hvaða „íslenska“ gíga má finna á Merkúríusi (Merkúr)?

Sveinsdóttir og Snorri.

Aukaverkefni

(Mismunandi svör.)

28. NAFNORÐ, SAGNORÐ, LÝSINGARORÐ

Stigbreyttu lýsingarorðin.

glöggur	gleggri	gleggstur
ljóst	ljósara	ljósast
rauð	rauðari	rauðust
hörð	harðari	hörðust

Búðu til nafnorð úr sagnorðunum.

að byggja	bygging	að velta	bívelta
að synda	sund	að fegra	fegurð
að ganga	gönguför	að sjá	sýn
að lesa	lestur	að þegja	þögn
að taka	blóðtaka	að baka	bakstur

Búðu til lýsingarorð úr sagnorðunum.

að herða	harður	að gleðja	glaður
að þreyta	þreyttur	að styrkja	sterkur
að erfiða	erfiður	að efla	efldur/öflugur
að mýkja	mjúkur	að þyngja	þungur
að dekkja	dökkur	að kæla	kaldur

29. EINTALA OG FLEIRTALA NAFNORÐA

Gerðu hring utan um öll nafnorð sem eru eins í eintölu og fleirtölu.

<u>tré</u>		skál		<u>brauð</u>
	<u>kot</u>		<u>hús</u>	
auga		hurð		nafn
	bók		<u>egg</u>	
<u>skór</u>		<u>hlé</u>		<u>líf</u>
	<u>bréf</u>		nös	
stóll		lak		<u>nef</u>
	<u>dýr</u>		tónn	
<u>kvöld</u>		<u>lauf</u>		spark
	rönd		<u>mál</u>	

30. RITUN

Tillaga:

Samið við álfa

Í gær hófust aftur vegaf framkvæmdir á Vesturlandsvegi sem legið höfðu niðri um nokkurt skeið. Var þeim hætt á sínum tíma vegna þess að þar urðu dagleg óhöpp sem enginn gat útskýrt á fullnægjandi hátt. Þegar leitað var að orsökum þessara óhappa, hafði svokallaður álfasérfræðingur samband og sagði að það væri vegna þess að verið væri að hrófla við álfasteini sem álfar bjuggu í. Var sérfræðingurinn þá fenginn til að hafa samband við álfana og reyna að komast að einhverju samkomulagi. Tókst það á endanum, en kröfur álfanna fólust í því að þeir fengju einhvern tíma til að flytja sig um set. Nú er sá tími liðinn. Ekki hafa allir verið á eitt sáttir um viðbrögð vegamálastjóra og þykir sumum það algjör fásinna að trúá þessum hindurvítum en aðrir klappa honum lof í lófa fyrir víðsýni hans að viðurkenna rétt álfanna.

31. ÍSLENSKA

Bókaskápurinn

(Mismunandi svör.)

32. ÍSLENSKA

Bókaskápurinn

(Mismunandi svör.)


33. KROSSGÁTA

Lárétt

- 5. dalur
- 6. ópefur
- 8. andlát
- 10. deig
- 11. mynni
- 12. Dani
- 15. fimmtudagur
- 18. látinn
- 19. dádýr

Lóðrétt

- 1. ragna
- 2. hermaður
- 3. hryggur
- 4. dásamlegt
- 7. föstudagur
- 9. dagur
- 10. dansari
- 13. dauðafæri
- 14. dagblað
- 16. maí
- 17. júní



34. STAFSETNING

Veldu rétta stafi úr svigunum til að setja í eyðurnar.

Sumarið var liðið. Þau höfðu legið í Kónsins garði allan njúlímánuð, en nú var farið að hausta. Kaupmannahöfn var yndisleg borg, þótti þeim, og þau höfðu dáðst að blómum í garðinum og brúðuleleikhúsinu og þjóðdönsunum á fimm tudagskvöldum. Sólin hafði borað sig inn í húðina á þeim og nú gengu þau um borgina sólbrennnd og ánægð með sjálf sig og undirbjuggu heimferðina. Þau kviðu dálítið fyrir, en enginn sér við tímanum. Þau höfðu einkum og sér í lagi dáðst að blómabeðunnum, þessum rauðu og gulu blómum sem minntu á ísaum og kraftaverk í náttúrunni.

35. ANDHEITI OG SAMHEITI

Finndu andheiti orðanna.

vel	illa	kveikja	slökkva
dagur	nótt	losa	festa
sundur	saman	skemmst	lengst
lítið	stórt	niður	upp

Finndu samheiti orðanna.

hestur	fákur, jór	óp	öskur, kall, hróp
sigra	vinna	fremstur	bestur, fyrstur
þægur	prúður	hissa	undrandi, agndofa

36. LÝSINGARORÐ

Finndu lýsingarorðin og stigbreyttu þau.

Í þessari niðurlægingu minni voru störf mín reyndar ekki svo mjög erfið, en fremur tilbreytingarlítill og leiðinleg.

erfið	erfiðari	erfiðust
tilbreytingarlítill	tilbreytingarminni	tilbreytingarminnst
leiðinleg	leiðinlegri	leiðinlegust

37. RITUN OG ORÐAFORÐI

Bættu orði inn í setningarnar þannig að þær fái staðist.

Tillaga:

- Regnið [**fossaði**] niður.
- Áin var [**straumpung**] og því erfið yfirferðar.
- Bára bar [**sigur**] úr bítum eftir harða keppni.
- Hún var [**ánægð**] með árangurinn.
- Bíllinn [**brunaði**] eftir þjóðveginum.
- Jón [**gekk**] niður tröppurnar.
- Hver [**tók**] þessa [**fallegu**] mynd?
- Ómar var [**blautur**] eftir gönguna í rigningunni.
- Viltu hafa egginn [**linsoðin**] eða [**harðsoðin**].
- Þau [**óðu**] lækinn upp að hnjám.

38. GREINIR

Bættu greini við þessi nafnorð.

fólkið	nóttin	osturinn
vörin	nætur nar	ostrur nar

varirnar fóturinn skærin
læknirinn fæturnir buxurnar
læknarnir skyrið ilmurinn

39. ÝMISLEGT

Skrifaðu orð úr kassanum í réttar eyður.

Allt í einu heyrðist okkur eins og **sungið** væri þar hjá okkur: Trenn, trenn, tenn, tenn. Við litum upp og **skildum** nú, hvers vegna pósturinn hafði ekki fengið **hljóð** úr horninu. Hljómurinn hafði **frosið** í horninu, og þiðnaði nú við **hitann** og lagið kom þar **heilt** og vel blásið, svo að það var póstinum til **sóma** og skemmti hann okkur nú þarna með hverju uppáhaldslaginu okkar eftir annað, án þess að bera **varir** að horninu.

Fallbeygðu eftirfarandi orð.

nf	friður	horn	grund	þyngsli
þf	frið	horn	grund	þyngsli
þgf	friði	horni	grundu	þyngslum
ef	friðar	horns	grundar	þyngsla

Í hvaða tölu er orðið þyngsli?

Fleirtölu.

Finndu orð sem ríma við eftirfarandi orð.

Tillögur:

fólk	tré	hús	sjór
hólk	vé	mús	mjór
mjólk	spé	lús	sljór
___	hné	krús	flór

40. STAFSETNING

Settu rétta stafi í eyðurnar.

Allt frá landnámi hafði fjallið **S**kjaldbakur verið helsti farartálmi milli byggða **N**orðanlands. Þarna lá það eins og kle**ss**a, liðaðist eins og ó**y**firstíganlegur múr á sýslumörkum, hindraði samga**n**g og hefti mannlíf,

kynti undir hrepparíg og útúrboruhætti. Smölun var erfið og hættuleg, ótölulegur var sá fjöldi dýra og manna sem þar hafði orðið úti í aldaⁿⁿa rás, eða hra^pað niður um öll götin. Meira að segja veðrið var aldrei eins ^vestan Skjaldbaks og ^austan, hvað þá ⁿorðan og sunnan. Það ýtti að sjálfsögðu undir ^úlfúð og ⁱllindi. En nú var nútímiⁿⁿ kominn til ^Norðurlands. Það er að segja, auðvitað var hann ^löngu komiⁿⁿ, en eiginlega næstum fariⁿⁿ aftur af því að aðstæður voru orðnar svo erfiðar fyrir hann.

Aukaverkefni:

Búðu til tvær setningar (málgreinar) þar sem sagnorðið kynti kemur fyrir í þeirri fyrri og sagnorðið kynnti í þeirri síðari.

(Vísbending: Byrjaðu á að huga að nafnhætti sagnanna til að vera viss um merkingarmuninn.)

Tillögur:

Ég kynti herbergið með kolum.

Ég kynnti konuna mína fyrir ráðherranum.


41. KROSSGÁTA

Lárétt

1. dýfa
3. dúkur
5. kristur
7. laut
8. dúx
9. iðinn
10. fremja
11. súpa
12. drottning
13. dýna
15. dýrgripur
16. slóra
17. dæma

Lóðrétt

2. felunafn.
3. dyr
4. brúða
6. sýnishorn
8. dýrt
13. dýpka
14. drusla
15. dúsa
17. dulmál



42. STAFSETNING

Settu rétta stafi í eyðurnar.

Heimsmeistarakeppnin í handbolta var haldin nýlega og hafnaði Íslenska liðið í sjöunda sæti og náði þar með markmiðum sínum. Í leiknum gegn Portúgölum var útlitið dökkt á köflum en Íslendingarnir sýndu hvað í þeim bjó og sigldu fram úr í lokin. Mikil aðsókn hefur verið á aðra kvikmyndina sem byggð er á Hringadrottinssögu, enda skemmtileg mynd sem fjallar um baráttu góðs og illis. Árið 1903 var gefin út tilskipun um nýtt skjaldarmerki Íslands, fálkamerkið, sem skyldi koma í stað flatta þorsksins, en Sigurður málari hafði fyrstur manna teiknað það merki. Áður en Íslendingar fengu heimastjórn voru tvær meginstefnur ríkjandi meðal landsmanna varðandi hvornig stjórn landsins skyldi háttáð, annars vegar valtýska og hins vegar þeir sem vildu fá Íslenskan ráðherra búsetta í Reykjavík.

43. RÍM

Finndu orð sem ríma við eftirfarandi orð.

hlaupa	kaupa, gaupa, staupa, skaupa
hestur	bestur, gestur, lestur, prestur
þora	bora, sora, skora, spora
ótti	þótti, sótti, skjótti, þrótti
taska	flaska, aska, raska, naska
fróð	óð, ljóð, stóð, rjóð

44. UPPRIFJUN

Kennimyndir sagna

Beygðu eftirfarandi sagnir í kennimyndum.

sigla	sigldi siglt
rigna	rigndi rignt

hlaupa **hljóp hlupum hlaupið**
bíða **beið biðum beðið**

Finndu nafnorð sem er skylt sögninni að bíða.

Bið.

Beyging fallorða

Beygðu þessi orð saman í öllum föllum eintölu og fleirtölu.

gul sól	hvíta sláin	þægt barn
gula sól	hvítu slána	þægt barn
gulri sól	hvítu slánni	þægu barni
gular sólar	hvítu sláarinnar	þægs barns
gular sólir	hvítu slárnar	þæg börn
gular sólir	hvítu slárnar	þæg börn
gulum sólum	hvítu slánum	þægum börnum
gulra sólna	hvítu slánna	þægra barna

langur vetur	gömul kerling
langan vetur	gamla kerlingu
löngum vetri	gamalli kerlingu
langs vetrar	gamallar kerlingar

langir vetur	gamlar kerlingar
langa vetur	gamlar kerlingar
löngum veturnum	gömlum kerlingum
langra vetra	gamalla kerlinga

Stafsetning

Æfing með i/i/ei/y/ý/ey

Mýsnar eru í músaholunni. Ég fýk í rokinu. Bróðir minn er blankur, hann á ekki eyri. Þegar ég lít út um gluggann sé ég mann flýta sér yfir götuna. Þarna eru kindur á beit. Ég hleyp ekki mjög hratt. Þú skreytir jólatréð fallega. Ég sá reyk liðast upp úr strompinum. Ólafur þeytti boltanum í markið. Hún veiddi laxinn í eystri kvíslinni. Hann teygir sig upp í

reykháfinn. Hesturinn meig á blómin. Ég mætti Hirti á förnum vegi. Á Akureyri og í Reykjavík þarf stundum að spyrja til vegar. Það skyggir ekki mikið kringum Jónsmessu. Fuglarnir syngja úti á miðjum firði í morgunbirtunni. Þú brytur engar reglur þótt þú litir á textann. Lambið sygur mjólk úr spena. Kyrin baular en mysnar tísta. Hún sat við sinn keið og keypti sér nýjan kjól. Veiðimaðurinn lá í leyni.